

Stjórnun (VIÐS2PM05) Námsáætlun - Haustönn 2023



Kennari	Guðríður Sveinsdóttir Netfang: gudridur.sveinsdottir@vma.is	Sk.st.	GSV
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans miða að því að undirbúa nemandann fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi. Farið er í grunnhugtök og kenningar í stjórnun. s.s. skipurit, valddreifingu, markmiðasetningu og hvatningu. Nemandanum eru kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið, hann fær innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, einkum á sviði mannauðsstjórnunar. Sérstök áhersla er lögð á persónuþróun. Nemandinn lærir að meta og þekkja kosti sína og galla, tileinka sér verkefna- og tímastjórnun og setja sér markmið.

Markmið

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- kostum sínum og göllum
- hlutverki sínu í hópavinnu
- mikilvægi stjórnunar fyrir einstaklinginn, fyrirtæki og samfélagið
- helstu stjórnunarkenningum og stílum
- mikilvægi valddreifingar
- mikilvægi markmiðasetningar
- undirgreinum stjórnunar
- helstu skipuritam um dreifingu valds og ábyrgðar
- grunnatriðum mannauðsstjórnunar
- verkefnastjórnun

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sér markmið
- skipuleggja tíma sinn
- stýra fundum
- taka starfsmannaviðtöl
- skrifa fundargerðir
- gera svót greiningu
- setja saman einfalda verkáætlun

Stjórnun (VIÐS2PM05) Námsáætlun - Haustönn 2023



Verkefnitaskólinn á Akureyri

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að markmiðum sínum
- fjalla um hlutverk og störf stjórnanda með gagnrýnum augum
- rökræða helstu stjórnunarstíla
- leysa af hendi starfsmannaviðtöl
- vera ábyrgur fyrir fundarstjórn
- meta vandamál með gerð svót greiningar
- taka þátt í skipulagningu á verkefni með gerð verkáætlunar
- sýna skilning á hlutverki stjórnanda
- miðla þekkingu og reynslu á sviði stjórnunar

Áætlun um yfirferð:

Vikur	Lesefni á Moodle	Heimavinna/verkefni	Skiladagur á verkefnum.
21.ág - 3.sept	Kynning á áfanganum Persónuþróun og markmiðasetning	Krossapróf 2,5% Verkefni 10%	31.ágúst. 3.sept.
4. – 17. sept	Tímastjórnun	Verkefni 10%	17.sept.
18. – 24. sept	Hvatning	Krossapróf 2,5% Hópaverkefni 9%	24.sept. 24.sept.
25.sept – 2.okt	Framsál valds	Krossapróf 2,5% Verkefni 10%	1.okt. 4.okt.
3. – 12.okt	Hópavinna og fundarstjórn	Krossapróf 2,5% Verkefni 9%	15.okt 16.okt
13. – 31. okt	Vetrarfrí Mannauðsstjórnun	Krossapróf 2,5% Hópaverkefni 10%	3.nóv 3.nóv
2. – 12.nóv	Áætlanagerð (stjórnun breytinga og verkefnastjórnun)	Krossapróf 2,5% Hópaverkefni 10%	13.nóv 13.nóv
13. – 20. nóv	Viðskiptasiðferði og viðskiptasiðir	Krossapróf 2% Hópaverkefni 7%	19.nóv 21.nóv
21.nóv – 3.des	Markaðsfræði	Verkefni 8%	3.des
4. – 17. des	Uppsóp		

Námsgögn: Vikulegt lesefni á kennsluvefnum Moodle.

Verkefni:

Krossaprófin verða EINUNGIS opin í tilteknum vikum og opna ekki aftur.

Það verður EKKI hægt að skila verkefnum eftir að skilaboxum hefur verið lokað nema um það hafi verið samið við kennara fyrirfram.

Ef nemandi hefur fengið frest á verkefnaskilum vegna sérstakra aðstæðna þá er aldrei gefin hærri einkunn en 8 og nemandi fær ekki umsögn heldur einungis einkunn.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/>
	Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Krossapróf	7 einstaklingsverkefni (sjá vikuáætlun)	17%	
Verkefni	8 verkefni (sjá vikuáætlun)	83%	

* Áætlun gerð með fyrirvara um breytingar.

Farsímanotkun nemenda er bönnuð nema með leyfi kennara.

16.08.23

Dagsetning

Gudnör Sveinsdóttir

Undirritun kennara

Yris Ragnarsdóttir

Undirritun

brautarstj./fagstj. eða staðgegnils

Vinnustaðanám á skurð- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum (VINN2LS08)

Námsáætlun haustönn, 2023



Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing fyrir skurð- og lyflækningadeildir: :

Vinnustaðanámið fer fram á almennri deild á sjúkrahúsi s.s. skurð- og lyflækningadeildum. Nemandinn vinnur jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandinn fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða og öðlast þjálfun í þeim. Í upphafi tímabils setur nemandinn sér persónuleg og fagleg markmið um vinnustaðanámið. Á meðan á vinnustaðanámi stendur skal nemandinn fylla út gátlista og ferilbók um unna verkþætti.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- athöfnum daglegs lífs (ADL) við umönnun sjúklinga á sjúkrahúsum
- viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingavarnir
- fylgikvillum rúmlegu
- faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum
- mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi sjúklings
- mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum
- skráningu hjúkrunar
- mikilvægi þagnarskyldu
- réttindum sjúklinga samkvæmt lögum
- undirbúningi sjúklings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- mikilvægi forgangsroðunar í hjúkrunarstörfum
- sýnatökum og meðferð sýna

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta sjálfsbjargargetu og þarfir sjúklingsins í athöfnum daglegs lífs
- vinna eftir reglum um smitgát og sýnatökur
- sýna sjúklingi faglega umhyggju í hjúkrun
- taka þátt í að mæla og skrá algengar athuganir hjá sjúklingsum
- nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt
- taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta
- forgangsraða eigin störfum
- vinna samkvæmt hjúkrunarferli
- útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttindi sjúklinga
- taka þátt í hjúkrun sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- geta tekið þátt í hjúkrun sjúklings fyrir og eftir aðgerð og rannsóknir
- virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar við sjúkling
- sýna hæfni í samskiptum við sjúklinga og samstarfsfólk
- sýna faglega umhyggju í hjúkrun

Vinnustaðanám á skurð- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum (VINN2LS08)

Námsáætlun haustönn, 2023



Áfangalýsing fyrir sérdeildir:

Vinnustaðanámið/verknámið fer fram á sérdeildum s.s. gjörgæsludeildum, kvennadeild, endurhæfingardeildum, líknardeildum, geðdeildum eða heilsugælustöðvum og í heimahjúkrun. Verklegur hluti áfangans er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemendur vinna jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi skal skipuleggja hjúkrunarstörf sín í samvinnu við leiðbeinanda og geta yfirfært bóklega þekkingu á hjúkrunarviðfangsefni sem hann vinnur við á deildinni. Nemandinn skal fá þjálfun í því að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum sínum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi fylla út gátlista og ferillbók um unna verkþætti.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi heildrænnar hjúkrunar
- helstu þáttum sem hafa áhrif á heilsu og lífsgæði skjólstæðinga
- helstu hjálpartækjum sem notuð eru í hjúkrunarstörfum
- mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi skjólstæðinga
- mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem notuð eru á ofangreindum deildum
- sjálfsákvörðunarrétti og réttindum sjúklinga samkvæmt lögum við ákveðnar aðstæður.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingum og aðstandendum virðingu og faglega umhyggju
- nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á ofangreindum deildum á viðeigandi hátt
- taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta
- sýna frumkvæði í verknámi þegar það á við
- skrá og vinna samkvæmt hjúkrunarferli

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- virða trúnað við skjólstæðinga og aðstandendur
- sýna hæfni í samskiptum og samstarfi við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra og samstarfsfólk
- leggja sitt af mörkum í þverfaglegri samvinnu
- hjúkra sjúklingum við margbreytilegar aðstæður

Námsgögn:

Valið efni af nemendum út frá verkefnalýsingu.

Vinnustaðanám á skurð- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum (VINN2LS08)

Námsáætlun haustönn, 2023



Tilhögun verklega námsins í VINN2LS08 á haustönn 2023

- Verknámstímabilið er frá **11. september – 29. september og er 15 vaktir.**
- Hver nemandi hefur sinn leiðbeinanda á hverri vakt og skal fylgja honum og/eða fyrirmælum hans. Leiðbeinandi og deildarstjóri bera ábyrgð á að útvega nemanda-
num námstækifæri inni á deildinni.
- Æskilegast er að nemandi sé morgunvaktir en taki 2-3 kvöldvaktir eftir aðstæðum. Á sumum deildum verða nemandur að taka fleiri kvöldvaktir ef aðstæður á deildinni krefjast þess. Næturvaktir eru ekki viðurkenndur námstími. Röðun nema á leiðbeinendur og á vaktir er í höndum leiðbeinanda og deildarstjóra. Allt „hringl“ með vaktir er óæskilegt.

Nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga.

- ★ Þeir nemendur sem eru á **SAK** mæta í **kennslustofu SAK 3. hæð kl. 8.30 mánudaginn 11. september** en þar mun umsjónarkennari hitta nemendur ásamt verkefnastjóra fræðslumála í hjúkrun á SAK.
- ★ **Skrifa þarf undir þagnarskyldu áður en verknám hefst.**
- ★ Nemendur sem eru á öðrum verknámsstöðum en SAK fá upplýsingar um mætingu á fyrstu vakt frá kennara eða viðkomandi deild.
- ★ Munið að mæta stundvíslega á vaktir og það er 100% mætingarskylda í verklegu námi. Ef einhver forföll verða látið deildina og umsjónarkennara vita í tölvupósti á netfangið maria.a.tryggvadottir@vma.is.
- ★ Skipti á vöktum á ekki að gera nema brýna nauðsyn beri til og þá **alltaf** í samráði við leiðbeinanda og/eða deildarstjóra.
- ★ Ef það eru „dauðir“ tímar á deildinni nýtið þá t.d. við að afla ykkur heimilda fyrir verkefni, kynnið ykkur lesefni á deildunum, spjallið við sjúklinga, biðjið einhvern á deildinni að sýna ykkur eitthvað sem þið hafið áhuga á að vita meira um, farið yfir vökvadætur og önnur tæki og tól og svo frv.
- ★ Umsjónarkennari mun koma á deildir SAK og HAK og hitta nemendur á meðan verknámið stendur yfir og koma til að gera lokamatið. Umsjónarkennari mun hafa síma og/eða tölvu samband við nemendur og deildir á öðrum stöðum en Akureyri. Nemendur geta alltaf haft samband við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst.
- ★ **Bannað** er að vera með símana á sér í vinnuni, geyma í skáp og skoða þá bara í matar og kaffihléum.
- ★ Ef það er eitthvað sérstakt sem þarf að taka tillit til, hvort sem er tengt vinnuplani, andlegri líðan eða veikindum skal láta vita af því áður en verknám hefst.

Mat á verklegu námi á deild (40%): Í lok verknámsins er gefin einkunn fyrir námið

á deildinni og er hún gefin sameiginlega af leiðbeinanda, deildarstjóra og umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði.

Vinnustaðanám á skurð- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum (VINN2LS08) Námsáætlun haustönn, 2023



Ferilbók og sjálfsmat (5%): Í upphafi verknámsins skal nemandi setja sér

5 markmið með veru sinni á deildinni. Markmiðin á nemandi að vera búinn að setja sér þegar hann kemur á vakt **15. september** og þarf þá að fá undirskrift leiðbeinenda fyrir markmið (í ferilbók). Markmiðin eiga að vera lýsandi og a.m.k. fimm markmið. Horfið á markmið áfangans og sjúklingahóp deildarinnar þegar þið eruð að setja ykkur markmiðin. Mikilvægt er að leiðbeinendur sjái þessi markmið ykkar þannig að þeir séu betur meðvitaðir um það sem þið viljið leggja áherslu á.

Nemandi fyllir síðan út ferilbók eftir því sem við á og gerir sjálfsmat á miðju tímabili og í lok verknáms. Nemandi fær tækifæri til að bera saman eigið mat við mat deildarinnar á sameiginlegum fundi með leiðbeinanda og umsjónarkennara í lok verknámsins. Mundu að vera búin að gera sjálfsmatið þegar lokamatið fer fram. Umsjónarkennari mun heimsækja deildina á námstímanum og ræða miðjumat við tengil. Í miðjumatinu er gefin skrifleg umsögn og ef ástæða þykir til er möguleiki á að nemandi fái aðvörun um að taka sig á og jafnvel fall ef nemandi hefur staðið sig mjög illa. Á stöðum fyrir utan Akureyri mun umsjónarkennari vera í sambandi við deildir í kringum miðjumatið. Allir nemendur þurfa að skila sjálfsmati í miðju- og lokamati. Nemandi ber ábyrgð á að koma ferilbókinni til kennara.

Ígrundunarskýrsla (25%): Nemandi gerir kynningu á deildinni þar sem hann lýsir hvers konar deild er um að ræða, helstu aðgerðir/sjúkdómar, stærð deildar, fjöldi starfsf., hvaða starfsstéttir eru, hvað gera sjúkraliðar, hvernig hjúkrun er (sjúklingahópur), t.d.fjöldi innlagna á ári, hvað er skemmtilegt/áhugavert við deildina og fl. Þarna skrifar nemandi einnig eigin ígrundun á því sem hann lýsir, s.s. hvernig hann upplifir vinnuálag, starfsanda, aðbúnað og hjúkrunina.

Nemandi skráir síðan markmiðin sem sett voru í ferilbókina líka inn í ígrundunarskýrsluna og metur hvort þessum markmiðum hafi verið náð í lok verknáms. Meta þarf hvert og eitt markmið með rökum. Í lokin ígrundunar nemandi eigið starf þar sem hann lýsir sinni upplifun, tilfinningum og lærdómi/framförum á verknámstímanum. Nemandi greinir frá því helsta sem hann telur sig hafa lært á tímabilinu. Ekki eiga að koma fram lýsingar af sjúklingum heldur atvikum sem snúa að hjúkrun án þess að hægt sé að rekja atvikið til ákveðinna sjúklinga. Munið þagnarskylduna! Ígrundunarskýrslunni á að skila í skilakassa **viku** eftir að verknámi lýkur (notið línubil 1,5 og leturgerð 12, gerið forsiðu með helstu upplýsingum).

Vinnustaðanám á skurð- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum (VINN2LS08) Námsáætlun haustönn, 2023



Námsmatsþættir ígründunarskýrslu skiptast í: Kynning á deild (20%), ígründun á þáttum er snúa að kynningunni á deildinni (15%), markmiðasetning (10%) og mat á hverju markmiði fyrir sig (15%), ígründun á eigið starf út frá því sem neminn gerði og upplifði, þar koma inn vangaveltur, upplifun, líðan og framfarir í verknáminu (30%), frágangur (10%).

Ritgerð (30%): Nemandi gerir 5-6 blaðsíðna verkefni um hjúkrun skjólstæðinga með ákveðið heilsufarsvandamál. Nemandi byggir það út frá reynslu sinni á hjúkrun einstaklings með slíkt heilsufarsvandamál á deildinni. Fjalla skal um helstu áhættuþætti, orsakir, einkenni, greiningarþætti, meðferð og hjúkrun þess út frá heimildum. Aðal áherslan á að vera á **hjúkrunina og störf sjúkraliða við að hjúkra þessum sjúklingahópi**. Í verkefninu þarf að setja fram a.m.k. þrjár hjúkrunargreiningar og fyrirmæli með þeim og rökstyðjið með heimildum. Verkefnið skal hafa inngang, meginmál og lokaorð, setjið inn blaðsíðutal og heimildaskrá. Nota skal leturgerð 12 og línubil 1½. Í hverju verkefni skal vitna til a.m.k. **þriggja heimilda** úr fræðilegum bókum/greinum. Allar heimildir sem þið notið í verkefninu eiga að koma fram í heimildaskrá. Það er ágætt að hafa það í huga að allar heimildir sem þið notið verða þeir sem lesa verkefnið að geta nálgast á einhvern hátt með því að skoða heimildaskrána. Þetta er einstaklings verkefni, skila þarf uppkasti fyrir október lok og lokaskiladagur er **21. nóvember**. Verkefni skal skila á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefni/ritgerð viku eftir skiladag.

Munið að setja engin nöfn inn í verkefnið og minni á þagnarskylduna sem gildir í öllu því sem viðkemur námi ykkar á deildunum.

Námsmatsþættir verkefnisins skiptast niður þannig. Fræðileg umfjöllun á sjúkdómnum/aðgerð 30%, fræðileg umfjöllun um hjúkrunina og tengingu við starf sjúkraliða 40%, uppsetning og frágangur 10%, heimildaskráning og notkun heimilda inni í verkefninu 10%, eigin hugleiðingar og gagnrýni 10%.

Ef það er eitthvað sem þið eruð að velta fyrir ykkur þá endilega hafið samband við undirritaða, hvort sem það er vegna verknámsins eða verkefna á netfangið mitt maria.a.tryggvadottir@vma.is

Vinnustaðanám á skurð- og
lyflækningadeildum eða
almennu sjúkrahúsi og
sérdeildum (VINN2LS08)
Námsáætlun haustönn, 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1: 11. Sept – 29. sept	Verknám á stofnun	Fylla út ferilbók og gera sjálfsmat. Vinna að dagbók samhliða verknámi.	Verknám 40 % Ferilbók 5%
Lota 2: 29. Sept.- 6. okt.	Dagbókarvinna	Klárað að vinna dagbók út frá verkefnalýsingu	Ígrundunarskýrsla 25%
3. okt. – 21. nóv	Tímaritsgreinar, bækur og efni sem nemandi finnur út frá viðfangsefni	Ritgerðarvinna	Ritgerð 30 %

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Verklegt	Mat á verklegu námi á deild.		40%
Ferilbók og sjálfsmat	Fylla út ferilbók og gera sjálfsmat um mitt tímabil verknáms og í lok þess.		5%
Ígrundunarskýrsla	Nemandi ígrundar eigin störf og starfsaðstæður á verknámstímanum, sjá nánar og skiptingu námsmatsþátta neðst í upplýsingum um ígrundunarskýrslu.		25%
Ritgerð	Ritgerð um hjúkrun á sjúkdóm/aðgerð, sjá nánari lýsingu og skiptingu á námsmatsþáttum hér fyrir neðan.		30%
	Samtals:		100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Nemandi þarf að standast verklegt, skila ferilbók, ígrundunarskýrslu og heimildaritgerð. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 16.8'23

Mania T.
Undirritun kennara

Selvin Þorh. Stefánsson
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengil

VINNUSTAÐANÁM HAUST 2023



NAFN: _____ SÍMI: _____

VINS2FB06B

KENNARAR: HILDUR SALÍNA. S: 821-7922

HARPA BIRGISDÓTTIR 820-7087

Kæri meistari

Vinnustaðanám tengt atvinnulífi.

Ætlast er til að hver nemandi skili 8 klst á viku í vinnustaðapjálfun. Samkomulag milli nemanda, meistara og kennara hvernig fyrirkomulagið er. 3 klst. eru verkefnastýrðar af skóla og 5 klst. eru verkefnastýrðar af meistara eða leiðbeinanda á stofunni. Mikilvægt að nemandi mæti stundvíslega á vinnustað og snyrtilegur til fara. Ef nemandi forfallast vegna veikinda eða annara ástæðna þá tilkynnist það bæði til kennara og meistara. Ef meistari getur einhverra hluta vegna ekki tekið á móti nemanda á umsömdum tíma þá finna meistari og nemandi annan tíma til að skila vinnustaðapjálfuninni og tilkynna það til kennara.

Tilgangur vinnustaðanámsins er að nemandinn öðlist aukna færni og reynslu í þjónustu við viðskiptavini, þjálfist í verktækni og faglegum vinnubrögðum við raunverulegar starfsaðstæður undir handleiðslu hársnyrtimeistara. hér kynnist hann vinnustaðamenningu og samvinnu. Nemandinn fær reynslu í því hvað felst í því að vera fagmaður í hársnyrtiðn og tekur þátt í daglegum störfum á hársnyrtistofu undir handleiðslu hársnyrtimeistara. Aukinn er grunnur að sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýnni hugsun í námi.

Hlutverk meistara/leiðbeinanda (sveinn eða meistari) er að:

Kynna vinnustaðinn

Halda utan um mætingu og senda á hildur@vma.is/harpa@vma.is ef nemandi mætir ekki.

Fela nemanum verkefni við hæfi

Leiðbeina og þjálfa nemanda í frekari færni í faginu

Sjá til þess að nemandi sinni verkefnastýrðu námi frá skóla

Skilyrði fyrir samvinnu á milli skóla og hársnyrtistofu er að hársnyrtistofan þarf að hafa nemaleyfi og hafa starfandi meistara. Meistari getur gefið hársnyrtisvein leyfi til að leiðbeina nemandanum en meistarinn er alltaf ábyrgur fyrir nemandanum.

Tímar telja ekki ef nemandi mætir ekki í vinnustaðanamið og það sama gildir um meistara að tímarnir telja ekki ef meistari eða hársnyrtisveinn eru ekki á staðnum til að leiðbeina nemanum. Ekki er leyfilegt að setja annan nema yfir nemendum í vinnustaðapjálfun. INNA heldur utan um tímafjölda og mætingar.

Hársnyrtistofan þarf að eiga æfingarhöfuð til að nemandi geti þjálfast í hinum ýmsu verkþáttum sem tilheyra áfanganum.

Ef um veikindi eða forföll er að ræða á nemandinn að tilkynna það eins og hver annar starfsmaður bæði til stofunnar og kennara.

Ef nemandinn er ekki að standa sig og sýna ábyrgð þá bið ég þig vinsamlega að hafa samband við í síma 8217922/8207087 eða á hildur.s.aevardsdottir@vma.is/harpa.birgisdottir@vma.is svo hægt sé að taka á málunum.

Bestu kveðjur

Hildur Salína Ævarsdóttir / Harpa Birgisdóttir

Hársnyrtideild VMA

Kennari	Hildur Salína Ævarsdóttir hildur.s.aevarsdottir@vma.is Harpa Birgisdóttir harpa.birgisdottir@vma.is Viðtalstíma eftir samkomulagi	Sk.st	HSÆ HAR
----------------	--	--------------	---------

Markmið samkvæmt námskrá

Upplýsingar um þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið koma fram hér. Upplýsingar um þessi markmið má finna í áfangalýsingum á vef VMA.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfi fagmannsins á ólíkum sviðum.
- mikilvægi heilbrigðs lífsstíls, góðra samskipta og framkomu.
- mikilvægi þess að setja sér persónuleg markmið.
- mikilvægi fagmannlegrar framkomu og góðra samskipta.
- þjónustu á vinnustað.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- mannlegum samskiptum.
- virðingu við ólíkt vinnuumhverfi og menningu.
- kurteisi og faglegri framkomu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- framkvæma hárfvott og höfuðnudd á vinnustað.
- bera ábyrgð á verkfærum og áhöldum, sjálfum sér og öðrum.
- sýna sjálfstæði, siðferðisvitund og gagnrýna hugsun í námi.

Námsgögn: Ætlast er til að nemandi mæti með eigin skæri.

Hlutverk nemans er að:

Taka þátt í daglegum störfum á stofunni
Þjálfast í faglegum vinnubrögðum
Kynnast vinnustaðnum
Framkvæma hárfvott og nudd
Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
Umhirða áhalda og tækja
Læra um þær vörur sem eru á vinnustaðnum
Halda utan um nám sitt

Módel sem nemandi notar í verkefnastýrða hluta námsins greiðir efniskostnað sem rennur til fyrirtækis

Áætlun um yfirferð

Dags.	Verkefnastýrð þjálfun á vinnustað	Verkefni unnið	Tímafjöldi
25.ágú	Undirbúningur í skóla, nemendur skila ferilskrám.		
31.ágú	Kynning á vinnustað og hárvottur og nudd		
7. sept	Permanent upprúll æfingarhöfuð og blástur		
14.sept	Hárgreiðsla í æfingarhöfuð eða vinkonu		
21.sept	Módel í litun		
28.sept	Permanent upprúll		
6.okt	Herraklipping módel		
12.okt	Dömuklipping og litur módel. Skipting		
19.okt	Ekki verkefnastýrður dagur		
26.okt	Ekki verkefnastýrt		
2.nóv	Kynning á uppáhaldsvörinni. Myndband		
9.nóv	Litatakni módel		
16.nóv	Herraklipping módel . Formblástur á æfingarhöfði		
23.nóv	Permanent módel .		
30.nóv	Dömuklipping módel		
7.des	Skila myndamöppu, rafrænt Fundur í skóla með kennara		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	X Símat	Lokapróf/valið lokapróf	Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Rafræn kynning gildir 10% Og hver mynd gildir 0,5%	Nemendur skila a.m.k 9 fyrir og eftir myndum af verkefnum annarinnar sem unnin eru á stofunum samkvæmt námsáætlun. Rafrænni myndamöppu er skilað í lok annar nánar tiltekið í síðastalagi 7.des. 3. nóv á að skila kynningu á uppáhalds vörinni ykkar og þið sendið mér það bara í tölvupósti á hildur.s.aevarsdottir@vma.is Mikilvægt er þegar rafræna myndamappan er sett upp að þær séu í rétttri röð með dagssetningu miðað við námsáætlun og að það séu bæði fyrir og eftir myndir.		100%
Annað: Áfanginn er metin S/F			

Dagsetning

22 ágúst 2023
Hilpa Björnsdóttir
Undirritun kennara

Árvaldur Balína
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

VERÐSKRÁ

Klipping dömu og herra	4500
Háralitun stutt	6.000
Háralitun milli	7.500
Háralitun sítt	9.500
Tóner stutt	2.000
Tóner sítt	4.000
Strípur stutt	6.000
Strípur millisítt	8.500
Strípur sítt	10.500
Permanent stutt	5.000
Permanent millisítt	7.000
Permanent sítt	9.500
Blástur og lagning eða djúpnæring	2.000
Skreytilokkur stutt	600
Skreytilokkur millisítt	1.000
Skreytilokkur sítt	1.200
Skeggsnyrting/heilrakstur	3.000

Símanúmer og heimilisföng á stofunum

Stofa	Heimilisfang	Símanúmer	Nafn
Adell	Hólabraut 13	451 1112	Inga
Amber	Hafnarstræti 77	466 4040	Heiða
Zone	Standgötu 9	461 4700	Arney/Jana
Medulla	Standgötu 37	46207079	Hulda/Hafdís
Modus	Glerártorgi	5272829	Lára
Hárið	Strandgötu 19	5718888	Sigga
Rakarast. Akureyrar	Hafnarstræti 88	4626900	Alli
Specktra	Hrísalundi 5	4861880	Ása/Adda

Nemandi	Farsími	Hársnyrtistofa	Sími
Anastazja Dyrлага	6921742	Specktra	486-1880
Ása Lind Aradóttir	7803337	Hárið	571-8888
Birkir Már Hauksson	8579910	Amber	466-4040
Halldóra Helga Sindradóttir	7864568	Modus	527-2829
Katrín Róbertsdóttir	8484661	Adell	451-1112
Nikolina Gryczewska	8300487	Medulla	462-7079
Sigrún Lilja Guðnadóttir	8499802	Zone	461-4700
Teodora Matilde Delgado	6913413	Rakarast.Akureyrar	4626900

Nafn nem:	Fyrri hluti	Seinni hluti
Anastazja Dyrлага	Adell	Medulla
Ása Lind Aradóttir	Hárið	Modus
Birkir Már Hauksson	Rak AK og bland Amber	Rak Ak og bland Amber
Halldóra Helga Smáradóttir	Zone	Amber
Katrín Róbertsdóttir	Specktra	Adell
Nikolina Gryczewska	Medulla	Hárið
Teodora Matilde Delgado	Amber	Specktra
Sigrún Lilja Guðnadóttir	Modus	Zone

Kennari	Ásgeir Vilhelm Bragason asgeir.bragason@vma.is	Sk.st.	ÁVB
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir vinnuverndarmál, svo sem reglur um heilbrigði, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ýmsar hættur í störfum og örugg vinnubrögð. Skoðuð áhöld og verkfæri sem notuð eru á ökutækjaverkstæðum. Skoðuð sérverkfæri og áhöld til sérgreindra verka. Farið yfir notkunarvið og vinnuverndaratriði sem tengjast ýmsum verkstæðisbúnaði, einkum málmsuðutækjum, lyftitækjum, þrýstilofts- og rafknúnum tækjum og aflverkfærum. Farið yfir meðhöndlum skrúffestinga, þ.m.t. að gera við skrúfgang og bora úr slitna bolta. Fjallað um hættuleg efni og eitrunarhættu og bruna- og sprengihættu. Mikilvægi þess að íhuga hættur og þekkja viðbrögð við óhöppum. Hreinlæti og meðferð úrgangs og spilliefna. Áhersla á fagmennsku við alla þætti sem snerta starfið. Farið yfir samskipti milli starfsmanna á vinnustað og viðskiptavina. Framkoma við viðskiptavini: ráðlegging, útskýringar á viðgerðarþörf, fyrirspurnir og kvartanir. Hvernig getur viðgerðamaður viðhaldið þekkingu sinni og hæfni. Farið yfir skipulag vinnu, verkfæranotkun, upplýsingaöflun og aðferðir við bilanagreiningu. Notkun viðgerða- og handbóka. Mikilvægi sanngirni og heiðarleika í samskiptum. Nauðsyn skipulegra vinnubragða og heildaryfirsýnar við störf sín. Áfanginn er sameiginlegur bifreiðasmíði, bifvélavirkjun og bílamálun. Áherslur í kennslu skulu vera í samræmi við það..

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim almennu og sérstöku hættum sem fylgja störfum á ökutækjaverkstæðum og valdið geta slysum, sjúkdómum og skemmdum á verðmætum
- persónulegum öryggisbúnaði og reglum um notkun
- öryggis- og hlífðarbúnaði sem er á tækjum eða verkfærum
- helstu almennu verkfærum og sérverkfærum sem notuð eru á ökutækjaverkstæðum, notkun þeirra og umhirðu
- algengum skrúffestingum og lyklasterðum
- nauðsyn góðra samskipta og trausts á milli þeirra sem tengjast starfi viðgerðamannsins
- gildi tjónamatskerfa
- kröfum um ástand og öryggi í reglugerð um gerð og búnað ökutækja

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gæta eigin öryggis og annarra á vinnustað
- nota öryggis- og hlífðarbúnað sem er til staðar á verkstæðum, verkfærum og tækjum
- nota helstu verkfæri og sérverkfæri sem notuð eru á ökutækjaverkstæðum
- eiga samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- gera við skrúfgang og bora úr slitna bolta
- nota skoðunarhandbók Umferðarstofu
- finna upplýsingar í viðgerða- og handbókum



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan
Lota 2	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan
Lota 3	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan


Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skýrslur	Nemendur skrifa skýrslu um 2-3 vinnustaðaheimsóknir.	50%	
Verklegar æfingar	2-3 verklegar æfingar úr völdu efni.	40%	
Ástundun og þátttaka	Mat kennara á virkni og þátttöku nema	10%	
		Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>			

Í lotunámi er gerð krafa um 100% mætingu. Nemandi sem er veikur skal tilkynna veikindi samdægurs.

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils



Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra hugtakið fagmennska
- lýsa reglum um hreinlæti, meðferð og förgun úrgangs og spilliefna
- sýna hvernig nota á persónulegan öryggisbúnað
- skilja samábyrgð allra á vinnustaðnum um örugg vinnubrögð
- meta ástand almennra áhalda og verkfæra sem notuð eru á ökutækjaverkstæðum
- lýsa meðferð, hirðu og beitingu almennra áhalda og verkfæra sem notuð eru á verkstæðum
- lýsa notkun og meðferð verkstæðisbúnaðar: málmsuðutækja, lyftitækja, þrýstilofts- og rafknúinna tækja, aflverkfæra og ýmissa léttitækja
- skipuleggja vinnu sína svo að árangur starfsins verði sem bestur
- skrá vinnuskýrslu um verk sín
- gera einfalda áætlun um viðgerð á bifreið

Námsgögn:

Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology.

Kennari	Magni	Sk.st.	MAG
----------------	-------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga kynnst nemendur samsetningu einkatölvu og aðferðum við bilanagreiningu. Lögð er áhersla á virkni undirstöðueininga einkatölvu, s.s. örgjörva, rásasett, tengiraufar, minni, einstakar stýringar á móðurborði, hlutverk BIOS, diskastýringar, inn- og úttakstengi, netkort ásamt stillingum fyrir internetið. Helstu einingar staðarnets og víðnets eru kynntar. Tölva er sett saman frá grunni og gengið frá uppsetningu á algengu stýrikerfi og notendahugbúnaði. Tölvan er í lokin tengd á staðarnet skólans og stillt fyrir internetið. Áhersla er lögð á að nemendur fái innsýn í samvirgni helstu jaðartækja sem notuð eru með einkatölvum. Þá er fjallað um stöðurafmagn og meðferð rafihluta. Í þessum áfanga kynnst nemendur tölvunetkerfum. Farið er í uppbyggingu og virkni heimilis netkerfa. Nauðsynlegir íhlutir skoðaðir og hvernig einfaldur netbúnaður vinnur saman.

Markmið:

Þekkingarviðmið

- helstu byggingarhlutum tölvu og hlutverki þeirra
- helstu stýrikerfum
- algengum notendaforritum
- helstu einingum í einföldu netkerfi

Leikniviðmið

- setja saman tölvu úr byggingarhlutum sínum
- forsníða harðan disk
- setja upp stýrikerfi á tölvu
- setja upp einfalt netkerfi

Hæfnisviðmið

- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í tölvu
- leggja mat á gildi hinna ýmsu hugtaka við mat á afkastagetu tölvu
- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í netkerfi
- leggja mat á afkastagetu í einföldu netkerfi

Námsgögn:

Allt namsefni og verkefni eru aðgengileg á Moodle og/eða lögð til af kennara með öðrum hætti

VSMV1TN03 Haustönn 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttu:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttu
Lota 1	Styttri leiðir í Windows		5%
Lota 2	Windows stýrikerfið		10%
Lota 3	Sérfræðingurinn		15%
Lota 4	Kortlagning tölvu		20%
Lota 5	K1		20%
Lota 6	Gangsetning P.C vélar		10%
Lota 7	Uppsetning stýrikerfis		10%
Lota 8	Internetið heima		10%

Námsmat og vægi námsmatspáttu:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Verkefni	Þrjú einstaklingsverkefni	25%
K1	Ein könnun	20%
Hópaverkefni	Fjögur verkefni þar sem tveir til þrír vinna saman	55%
	Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>		
Annað: Námsmat getur tekið smávægilegum breytingum í samráði við nemendur ef nauðsyn krefur		

Dagsetning: 16.08'23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Magni	Sk.st.	MAG
----------------	-------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga kynnst nemendur samsetningu einkatölvu og aðferðum við bilanagreiningu. Lögð er áhersla á virkni undirstöðueininga einkatölvu, s.s. örgjörva, rásasett, tengiraufar, minni, einstakar stýringar á móðurborði, hlutverk BIOS, diskastýringar, inn- og úttakstengi, netkort ásamt stillingum fyrir internetið. Helstu einingar staðarnets og víðnets eru kynntar. Tölva er sett saman frá grunni og gengið frá uppsetningu á algengu stýrikerfi og notendahugbúnaði. Tölvan er í lokin tengd á staðarnet skólans og stillt fyrir internetið. Áhersla er lögð á að nemendur fái innsýn í samvirgni helstu jaðartækja sem notuð eru með einkatölvum. Þá er fjallað um stöðurafmagn og meðferð rafihluta. Í þessum áfanga kynnst nemendur tölvunetkerfum. Farið er í uppbyggingu og virkni heimilis netkerfa. Nauðsynlegir íhlutir skoðaðir og hvernig einfaldur netbúnaður vinnur saman.

Markmið:

Þekkingarviðmið

- helstu byggingarhlutum tölvu og hlutverki þeirra
- helstu stýrikerfum
- algengum notendaforritum
- helstu einingum í einföldu netkerfi

Leikniviðmið

- setja saman tölvu úr byggingarhlutum sínum
- forsníða harðan disk
- setja upp stýrikerfi á tölvu
- setja upp einfalt netkerfi

Hæfnisviðmið

- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í tölvu
- leggja mat á gildi hinna ýmsu hugtaka við mat á afkastagetu tölvu
- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í netkerfi
- leggja mat á afkastagetu í einföldu netkerfi

Námsgögn:

Allt namsefni og verkefni eru aðgengileg á Moodle og/eða lögð til af kennara með öðrum hætti

VSMV1TN03 Haustönn 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttu:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttu
Lota 1	Styttri leiðir í Windows		5%
Lota 2	Windows stýrikerfið		10%
Lota 3	Sérfræðingurinn		15%
Lota 4	Kortlagning tölvu		20%
Lota 5	K1		20%
Lota 6	Gangsetning P.C vélar		10%
Lota 7	Uppsetning stýrikerfis		10%
Lota 8	Internetið heima		10%

Námsmat og vægi námsmatspáttu:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Verkefni	Þrjú einstaklingsverkefni	25%
K1	Ein könnun	20%
Hópaverkefni	Fjögur verkefni þar sem tveir til þrír vinna saman	55%
	Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>		
Annað: Námsmat getur tekið smávægilegum breytingum í samráði við nemendur ef nauðsyn krefur		

Dagsetning: 16.08'23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

VSMV3ÖF03 Haustönn 2023



Kennari	Magni	Sk.st.	MAG
----------------	-------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á meðalstór boðskiptakerfi (loftnets-, síma- og tölvulagnakerfi). Einnig fjallar hann um uppbyggingu, uppsetningu og viðhald einfaldra viðvörðunarkerfa, svo sem brunaviðvörðunarkerfa og þjófavarnarkerfa fyrir heimili og smærri fyrirtæki. Einnig er farið yfir reglur og reglugerðir sem um þessa hluti gilda. Farið er í uppbyggingu og eiginleika helstu dreifikerfa, s.s. dreifingu sjónvarps á UHF-rásum, örbylgju, ljósleiðara, og gegnum gervihnetti. Farið verður í tækniröfur sem gerðar eru til viðtöku og uppsetningar á framangreindum kerfum. Nýjungar í dreifingu í gegnum þá miðla sem eru í boði og farið yfir tækni við dreifingu og miðlun efnis til heimila og stofnana. Eiginleikar ljósleiðarans eru kynntir fyrir nemendum og farið verður í þær kröfur sem gerðar eru til ljósleiðaralagna. Fjallað er um reglur um neyðarlýsingar, uppsetningar og gerðir. Fjallað er um íhluti, eiginleika, hlutverk og notkunarsvið neyðarlýsinga

Markmið:

Þekkingarviðmið

- helstu byggingarhlutum tölvu og hlutverki þeirra
- helstu stýrikerfum
- algengum notendaforritum
- helstu einingum í einföldu netkerfi

Leikniviðmið

- setja saman tölvu úr byggingarhlutum sínum
- forsniða harðan disk
- setja upp stýrikerfi á tölvu
- setja upp einfalt netkerfi

Hæfnisviðmið

- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í tölvu
- leggja mat á gildi hinna ýmsu hugtaka við mat á afkastagetu tölvu
- bera kennsl á helstu bilanaeinkenni í netkerfi
- leggja mat á afkastagetu í einföldu netkerfi

Námsgögn:

PDF skjöl, ljósrit, glærur og verkefni frá kennara sem verða aðgengileg á Moodle kerfi VMA

VSMV3ÖF03 Haustönn 2023



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Kynning á áfanga, námsáætlun, námsmati og verkefnum		
Lota 2	Gagnaflutningur og gagnaflutningskerfi Hugtök, tækni, íhlutir, verkfæri og mælitæki Hönnun og bilanagreining	V1 1-2 Verklegt/bóklegt/rafrænt – verkefni K1 Skriflegt/rafrænt – próf	15% 15%
Lota 3	Brunakerfi Hugtök, tækni, íhlutir, verkfæri og mælitæki Reglugerðir, teikningar, hönnun og bilanagreining	V2 1-2 Verklegt/bóklegt/rafrænt – verkefni K2 Skriflegt/rafrænt – próf	10% 15%
Lota 4	Neyðarlýsing, hugtök, reglugerðir, teikningar, hönnun og bilanagreining	V3 1-2 Verklegt/bóklegt/rafrænt – verkefni K3 Skriflegt/rafrænt – próf	10% 15%
Lota 5	Snjallkerfi, brunaviðvörðun og eftirlitskerfi	V4 1-2 Verklegt/bóklegt/rafrænt – verkefni	10%
Lota 6	Ljósleiðarar	V5 Skriflegt/rafrænt	10%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Tímaverkefni skýrslur	Nemendur vinna 4-8 tímaverkefni og skýrslur. Eitt til tvö í hverri lotu og hvert gildir 5-10%	55%	
Próf	Nemendur taka þrjú próf	45%	
	Samtals:	100%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Námsmat getur tekið smávægilegum breytingum í samráði við nemendur ef nauðsyn krefur

Dagsetning: 16.08.23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

PRJH1AA02Z Haustönn 2023



Kennari	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	Sk.st	RGU
	Svanhildur Daníelsdóttir		SVA

Áfangalýsing:

Áfanginn er einstaklingsmiðaður og miðar að því að nemendur læri grunnatriði í þróni og hekli. Nemendur sem sækja áfangann hafa afar misjafna getu og kunnáttu í þróni og hekli. Hverjum og einum er mætt þar sem hann er staddur og haldið áfram að auka við þá þekkingu, leikni og færni sem fyrir er.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallar færni við þróunaskap áhöldum sem notuð eru í þróni og hekli

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi áhöld
- geta þrónað og eða heklað eftir atvikum

Nemandi skal geta hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á sjálfstæðan hátt, njóta og upplifa
- nýta tómstundir sér til gagns og ánægju

Námsgögn:

Þróunar, heklunálar og viðeigandi áhöld sem skólinn lánar. Garn sem kennari útvegar.

PRJH1AA02Z Haustönn 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lot unúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Öll önnin er óskipt lota. vika 33-51 18/08–16/12	Nemendur og kennarar ákveða í samráði hvaða verkefni þeir ætla að vinna að og kennarar útvega viðeigandi garn.	Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu nema ef sérstakar ástæður koma upp.	Sí- og leiðsagnarmat í hverri viku. Heildarmat, lokamat sex námsmatsþátta fært í Innu á miðri önn og í lok annar.

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Þekking/leikni/hæfni	Sýnir frumkvæði og virkni í kennslustundum (skv. matslista)	20%	
Þekking/leikni/hæfni	Getur farið eftir leiðbeiningum og tekið leiðsögn kennara (matslisti)	20%	
Þekking/leikni/hæfni	Getur tileinkað sér ný vinnubrögð (matslisti)	15%	
Þekking/leikni/hæfni	Sýnir sjálfstæði við verkefnaval og verkefnavinnu (matslisti)	15%	
Þekking/leikni/hæfni	Getur lagt mat á eigin frammistöðu og verkefni (matslisti)	15%	
Þekking/leikni/hæfni	Þau verkefni sem nemandinn skilar af sér eru metin	15%	
		Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>			
Annað:			

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvra um breytingar.

Dagsetning: 18. ágúst 2023

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

PRJH1AA02Z

Haustönn 2023



Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Sólveig Þóra Jónsdóttir	Sk.st.	SÓL
	Svanhildur Daníelsdóttir		SVA

Áfangalýsing: Áfanginn er einstaklingsmiðaður og miðar að því að nemendur læri undirstöðuatriði í þrjóni og hekli. Læri að lesa úr og nýta sér hugmyndir og uppskriftir í blöðum, bókum og á veraldarvefnum og verði sjálfbjarga með að iðka þessa gömlu heimilis iðju. Sérstök áhersla er á sköpun, velferð og sjálfbærni og að nemandinn öðlist leikni sem nýtist honum í leik og starfi. Sköpunin felst í að nemandinn læri ákveðin vinnubrögð og tækni sem hann nýtir síðan til að skapa ýmiskonar nytja- og/eða skrautmuni. Nemendur sem sækja þennan áfanga geta haft mjög misjafna getu og kunnáttu, þar af leiðandi verða verkefni þeirra mjög mismunandi.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- áhöldum sem notuð eru í þrjóni og hekli
- garni, mismunandi tegundum og eiginleikum
- mismunandi þvottameðferð á garni eftir eiginleikum þess
- efnisvali, hvaða garn hentar best í tiltekna hluti
- hvar á að leita að hugmyndum og leiðbeiningum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðeigandi áhöld
- fitja upp og fella af
- auka út, taka úr og sinna lokafrágangi verkefnis
- geta þrjónað/heklað nokkrar mismunandi aðferðir

Nemandi skal geta hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- takast sjálfstætt á við skapandi verkefni
- nýta tómstundir sér til gagns og ánægju
- nýta og tengja þekkingu sína við daglegt líf
- sækja sér viðbótar þekkingu t.d. stök námskeið

Námsgögn:

Þrjónar, heklunálar og viðeigandi áhöld sem skólinn lánar. Garn sem ýmist kennari útvegar eða nemendur koma með sjálfir. Hugmyndablöð/bækur, vefsíður og kennslumyndbönd.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lot unúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Öll önnin er óskipt lota. vika 33-51 18/08–16/12	Nemendur ákveða í samráði við kennara hvaða verkefni þeir ætla að vinna að og kaupa viðeigandi garn skv. ráðleggingu kennara eða kennari kaupir fyrir þá.	Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu nema ef sérstakar ástæður koma upp.	Sí- og leiðsagnarmat í hverri viku. Heildarmat, lokamat sex námsmatsþátta fært í Innu á miðri önn og í lok annar.

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:		<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta			Vægi
þekking/leikni/hæfni	sýnir frumkvæði og virkni í kennslustundum (skv. matslista)			20%
þekking/leikni/hæfni	getur farið eftir leiðbeiningum og tekið leiðsögn kennara (matslisti)			20%
þekking/leikni/hæfni	getur tileinkað sér ný vinnubrögð (matslisti)			15%
þekking/leikni/hæfni	sjálfstæði við verkefnaval og verkefnavinnu (matslisti)			15%
þekking/leikni/hæfni	getur lagt mat á eigin frammistöðu og verkefni (matslisti)			15%
þekking/leikni/hæfni	verkefnin sem nemandinn skilar af sér			15%
Samtals:				100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u>				
Annað:				

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvra um breytingar.

Dagsetning: 18. ágúst 2023


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Vilhjálmur Kristjánsson	Sk.st.	VIL
---------	-------------------------	--------	-----

Áfangalýsing.

Farið er í helstu hugtök og lögmál rafmagnsfræði, segulfræði, jafnstraums, hegðum straums og spennu í rafrásum og virkni helstu íhluta í rafbúnaði og rafeindatækni. Lög er áhersla á að nemendur læri að nýta þekkingu sína til útskýringa á virkni einfaldra rafrása og bilanagreininga á þeim. Farið er yfir virkni og notkun mælitækja og mat á niðurstöðum mælinga.

Markmið:

Þekking, leikni, hæfni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtöku, s.s spennu, straumi og viðnámi.
- Helstu lögmálum, s.s Ohms- Kirkhooffs- og afllögmáli.
- Hegðun staums og spennu í rafrásum.
- Virkni helstu íhluta rafrása.
- Virkni helstu mælitækja.
- Notkun helstu mælitækja.
- Niðurstöðum mælinga.

Leikniviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma útreikningar í rafrásum.
- Útskýra virkni einfaldra rafrása.
- Nota viðeigandi mælitæki.
- Meta niðurstöður mælinga.
- Bilanagreina einfaldar rafrásir.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra virkni einfaldra rafrása.
- Reikna út spennu, straum og viðnám í rafrásum.
- Framkvæma bilanagreiningu í einföldum rafrásum.
- Takast á við frekari menntun í raf- og rafeindabúnaði.

Námsmarkmið:

Lögmál og rásir:

Ohms lögmál, þekkir og getur notað það við útreikninga á spennu, straum og viðnámi. Þekkir hegðun spennu og straums í rafrásum. Afsl lögmál, þekkir og getur notað það við útreikninga á afli, straum, spennu og viðnámi. Kirchhoff's fyrsta lögmál, þekkir og getur notað það við útreikninga á raðtengdum og hliðtengdum rásum. Getur mælt spennu, straum og viðnám í rað og hliðtengdum rásum og útskýrt virkni rásanna. Getur notað viðeigandi mælitæki, AVO mæli, ampertöng og tækniupplýsingar, við mælingar í rafrásum og útskýrt niðurstöður mælinga. AC / DC spenna: Þekkir muninn á AC og DC spennu / straum og notkun þeirra í bifreiðum. Getur framkvæmt mælingar á AC og DC spennu / straum og útskýrt niðurstöður mælinga. Rafsegulfræði og spanspenna: Þekkir Lorentz Force lögmálið, samspil straums og seguls í rafleiðslum og –spólum. Þekkir myndun segulsviðs í síseglum og segulspólum. Þekkir uppbyggingu og virkni á einföldum rafmóturum, segulspólum og rafölum. Bilanagreining / mælingar í einföldum rafrásum: Getur framkvæmt bilanagreiningar / mælingar með viðeigandi mælitækjum á einföldum rafrásum og túlkað niðurstöður greininga / mælinga. Rafeindatekni íhlutir: Þekkir uppbyggingu og virkni, díóða, transistora, þétta, viðnáma og spóla og notkun þeirra í rafrásum. Getur framkvæmt mælingar á ofangreindum íhlutum. Fjallað er um öryggis og umverfismál.

Námsgögn:

Við kennslu í áfanganum er notuð rafbok.is
nnað efni lætur kennari nemendum í té.

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

Rafmagnsfræði og mælingar

RABV2AO05

Námsáætlun (Haust 2023)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
Lota 1 / Vika 33	kynning	Rafbók kafli 1-5	Sjá sundurliðun á námsmati.
34/37	Vinna nemenda	Rafbók kafli 5-7	Sjá sundurliðun á námsmati
37/42	Vinna nemenda	Rafbók kafli 7-11	Sjá sundurliðun á námsmati
42/49	Vinna nemenda	Rafbók kafli 11-15	Sjá sundurliðun á námsmati
34/42	Vinna Nemenda	Rafbók 15-21	Sjá sundurliðun á námsmati
34/49	Lóðun og mælingar	Velleman verkefni frá kennara	Skýrsla um verklegu æfinguna og mat kennara

Námsmat og vægi námsmatspáttá:

Matsform:	X Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Verkefni 1a og 1b	Upprifjun úr fyrri áfanga. Reikningur og próf gilda jafnt	20%	
Verkefni 2	Skýrsla um verklega æfingu (virkni íhluta í rafrás)	20%	
Moodle verkefni	Moodle verkefni 5 verkefni (4 gilda)	20%	
Annarpróf í viku 42	Verklegt próf í meðferð mælitækja.	15%	
Annarpróf	Samantekt	25%	
		Samtals: 100%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað

Dagsetning: 16.08.2023.


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

RAFS1SE03 Námsáætlun HAUST 2023



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Kristján Þ Kristinsson	Sk.st.	KÞK
----------------	------------------------	---------------	-----

Afangalýsing: Í áfanganum lærir nemandinn um heistu suðuaðferðir, efni og suðuvíra. Hann öðlast færni til að meta aðstæður til rafsuðu og lærir hvernig gæta ber fyllsta öryggis við rafsuðu. Nemandinn fær þjálfun í að sjóða plötur í öllum suðustöðum með pinnasuðu, samkvæmt staðlinum EN 9606. Nemandinn lærir að skrá grunnatriði suðuferlislýsingar. Færni nemandans miðast við kverksuðu og grunnatriði suðuferlis og skal hann ná suðugæðum samkvæmt EN 5817 flokk C.

Markmið:

Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- suðu með rið- og jafnstraum
- suðu með plús- og mínuspól
- helstu suðuaðferðum, afköstum þeirra, hagkvæmni og takmörkunum við mismunandi efnisþykkt
- eiginleikum mismunandi aðferða, s.s. styrk þeirra og hættu á suðugöllum
- suðuaðferðum sem henta hverju verki fyrir sig
- gildi ljósbogaspennu og tómgangsspennu
- staðli um mat á suðum og suðugalla
- staðli um suðustöður og hæfnisvottun suðumanna
- staðli um merkingu rafsuðuvíra
- staðli um merkingu stáls, t.d. ÍST EN 22 553

Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðhöndla búnað til suðu
- sjóða saman hluti í ýmsum suðustöðum
- stilla suðutæki, þ.e. straum, spennu og viðnám
